

Amtsráðsskýrsla

212

Ár 1882 15. dag septbrmán. var fundur amtsráðsins í norður- og austurumdæminu settur á Akureyri af forseta amtsráðsins, settum amtmanni J. Havsteen, með amtsráðsmönnum síra Arnljóti Ólafssyni og umboðsmanni Einari Ásmundssyni í Nesi.

Mál þau, sem komu til umræðu á fundinum, voru þessi :

1. Forseti framlagði brjef landshöfðingja, dagsett 25. júlí 1882, með 2 fylgiskjöllum, og var af þeim annað bænarskrá frá Páli Eyjólfssyni á Hjaltastað um 200 kr. styrk til að halda áfram búfræðisnámi sínu við skólann á Stend í Noregi. Sýslunefndin í Norður-Múlasýslu hafði veitt Páli Eyjólfssyni til þessa 200 kr. úr sýslusjóði, og landshöfðingi skýtur því til amtsráðsins, hvort það vilji leggja það til, að beiðandinn fái jafnmikinn styrk af því fje, sem veitt er til eflingar búnaði og ætlað er einstökum mönnum. Amtsráðið lagði það til, að honum yrði veittar 200 kr.
2. Forseti framlagði bönarbrjef frá Jóni Sigfússyni Thorlacius á Núpufelli um 600 kr. styrk af hinni nefndu fjárveiting til þess að nema búfræði í Noregi. Með bænarskránni fylgdu einhuga meðmæli frá sýslumanni, prófasti og hreppsnefndinni í Saurbæjarhreppi, og lagði amtsráðið það til, að beiðandanum yrði veittur sá styrkur, sem hann sækir um.
3. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dagsett 26. júlí þ. á., þar sem hann skýrir frá, að hann hafi veitt kvennaskólanum í Skagafirði 500 kr. fyrir 1882, með því skilyrði, að amtaráðið veiti 100 kr. gegn 200 kr. styrk úr sýslusjóði Skagafjarðarsýslu. Amtsráðið áleit, að það gæti ekki veitt styrk að sinni, fyr en það fengi skýrslur um ástand og framkvæmdir kvennaskólans á hinu liðna skólaári, er ættu að vera komnar, áður en amtsráðið heldur fund sinn í desbr. næstkomandi.
4. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, 31. júlí 1882 um 100 kr. styrk til kvennaskólans þar. Amtsráðið áleit, að afráða eigi um styrkinn, fyr en skýrslur um ástand og framkvæmdir skólans á hinu umliðna skólaári kæmi því í hendur.
5. Forseti framlagði brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, 11. septbr. þ. á., þar sem hann skýrir frá aðgjörðum á sýsluvegum á aðalpóstleiðunum á þessu sumri, og fer þess á leit, að fá helming kostnaðarins, eða 354 kr., af þeim 1900 kr., sem landshöfðingi í brjefi, 6. febr. 1882, hefði falið amtsráðinu að útbyta meðal sýsluvega í amtinu, er fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í fjárlögunum um fjárveiting til sýsluvega úr landssjóði. Amtsráðið samþykkti, að veita hinar nefndu 354 kr. Skýrslur úr hinum sýslunum um unnar vegabætur á sýsluvegunum á aðalpóstleiðunum voru ekki komnar, og var forseta falið á hendur, að fá hinar eptirstandandi 1546 kr. útborgaðar úr landssjóði fyrir amtsráðsfundinn í desember næstkomandi.
6. Forseti framlagði brjef hjeraðslæknisins í 9. læknishjæraði, dagsett 8. ágúst 1882, um endurgjald á kostnaði til sendiferðar út af sóttvörnum gegn mislingaveikinni. Amtsráðið samþykkti, að kostnaður þessi skyldi endurgoldinn lækninum úr jafnaðarsjóðnum.
7. Forseti lagði fram brjef frá formanni forstöðunefndar kvennaskólans á Laugalandi, prófasti síra Davíð Guðmundssyni, 14. septbr. þ. á., þar sem hann fer þess á leit, að fá nokkurn styrk af hinum svo nefnda „prentsmiðjusjóði“ til útbytingar meðal fátækra námsmeyja á skólanum til skriffærakaupa, meðala og læknishjálpar, ef á þyrfti að halda. Sjóður þessi hefir að vísu enn eigi fengið stofnunaraskrá, en með því tilætlað er, að vöxtum hans verði varið til styrktar bæði námsmeyjum á Laugalandi og námspiltum á Möðruvöllum, þá samþykkti amtsráðið, að í þetta skipti skyldi útborga forstöðunefnd kvennaskólans 50 kr. af vöxtum sjóðsins.

(Framhald síðar).

1. dag desbrmánadar 1882.